

Ed.

96. Frumvarp

til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kynsjúkdómar eru þrjú sjúkdómar nefndir einu nafni í lögum þessum: syfilis, lekandi (gonorrhoe) og linsæri (ulcus molle). Taka lögin að eins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum eða ætla má, að þau komi síðar í ljós. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli framkvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu, hver í sínu hjerði, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. gr.

Allir læknar skulu skyldir til að skrásetja sjerstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt, er heilbrigðisstjórnin leggur fyrir.

Skráningu skal þannig hagað, að sjúklinga megi þekkja sundur, svo eigi sje hættu á, að þeir verði margtaldir, en jafnframt vissa fyrir, að nöfn þeirra þekkist ekki.

Einkennismerki sjúklinga skulu tilfærð með glöggu lettri á mánaðar- eða vikuskram þeim, sem öllum starfandi læknum skal skylt að senda hjeraðslækni í lok hvers mánaðar eða viku. Á sama hátt skal hjeraðslæknir skrá einkennismerki allra syfilissjúklinga, er vitjað hafa lækna í hjeráðinu, á mánaðar- eða vikuskram þeim, sem hann sendir landlækni.

Hjeraðslæknar skulu halda sjerstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með syfilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur að eins einkennismerki þeirra.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að aðrir kynsjúkdómar sjeu og skráðir á sama hátt, svo og þeir, sem alvarlega eru grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi, þó eigi hafi fundist óræk merki þess, að þeir væru sjúkir.

4. gr.

Hver, sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefir grun um að svo sje, skal skyldur að leita sjer læknishjálpar þegar í stað og til þess að smitunarbetta er afstaðin. Skylt er honum að fara eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð við því, að hann smiti aðra. Leiti nú sjúklingurinn annars læknis, áður sjúkdómurinn er fulllæknaður, skal hann tilkynna það með læknisvottorði þeim lækni, er fyrst hafði hann til meðferðar.

5. gr.

Heimilt er hverjum sjúklingi að leita til hvers læknis er vill, en í hverju læknishjeraði skal að minsta kosti vera einn læknir, sem veiti þeim sjúklingum ókeypis læknishjálpar, sem kröfu eiga til hennar samkvæmt lögum þessum.

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálpar. En þar sem um sjerfræðinga er að gera, má fela þeim að veita þessa hjálpar, auk hjeraðslæknis. Borgun fyrir ókeypis læknishjálpar skal greidd samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna.

6. gr.

Ókeypis læknishjálpar skal veitt öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast skal af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slik ókeypis hjálpar nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsóknar og lyfja, og greiðist hún úr rikissjóði. Yfirlýsingar sjúklinganna um að þeir

hafi ekki efni á að greiða sjálfir læknishjálpinu, skal senda með reikningum læknanna.

7. gr.

Nú koma kynsjúkdómar upp eða taka að breiðast út á stað, þar sem læknislaust er eða erfitt að ná í fullkomna læknishjálpu, og skal þá heilbrigðisstjórnin senda lækni, svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálpu. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr rikissjóði.

8. gr.

Læknir skal taka skýrt fram við sjúklinga með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Þá skal hann skýra vandlega fyrir þeim, hversu sjúkdómurinn smíti, hvernar varúðar beri að gæta og að hegningu varði, ef út af er brugðið, samkvæmt hegningarlögum. Sjerstaklega skal það tekið fram, hve langvinnur sjúkdómurinn geti verið og lækniseftirlit nauðsynlegt um langan tíma, svo og að sjúklingar megi ekki giftast meðan smitunarhætta stafar af þeim. Þá skal og læknir fá hverjum sjúklingi, sem leitar í fyrsta sinn læknis vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem heilbrigðisstjórnin lætur í tje.

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sje svo varið, eða aðrar ástæður geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sje fyrst um sinn ekki skýrt frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

Ef sjúklingurinn er yngri en 16 ára, skal skýra foreldrum barnsins eða forráðamönnum frá ástæðum öllum og hvernar varúðar beri að gæta. Bera þeir þá ábyrgð á því, að farið sje eftir fyrirmælum læknis.

9. gr.

Nú verður læknir þess vis, að sjúklingur, sem hann hefir til meðferðar, fer ekki eftir þeim reglum, sem honum hafa verið gefnar, hvort heldur sem snertir lækningu sjúkdómsins eða varúðarreglur, þá skal hann tafarlaust senda honum skriflega áminningu og benda honum á, hverju varði, ef óhlýðnast er. Komi það fyrir ekki og sjúklingurinn fáist heldur ekki til að leita annara lækna, skal hann áður vika er liðin tilkynna það lögreglustjóra. Sjer hann þá um, að sjúklingurinn verði fluttur í sjúkrahús eða að hann leiti sjer á annan hátt læknishjálpar meðan smitunarhætta stafar af honum.

10. gr.

Nú tekur læknir sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hjer á landi, þá skal hann vandlega grenslast eftir, af hverjum og hvernig hann hefir smitast.

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsóknar, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á, Lögreglustjóri sjer þá um, að hinn grunaði verði lagður á sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

Nú er sá i öðru læknishjeraði, sem talið er, að smitun hafi hlotist af, og skal þá læknir tilkynna hlutaðeigandi hjeraðslækni tafarlaust með símskeyti, hver hann sje, og sjer hann þá um rannsókn hans. Slík símskeyti skulu vera á dulmáli, eftir því sem heilbrigðisstjórn ákveður.

11. gr.

Komist læknir að því, að sjúklingur með kynsjúkdóm hafi í hyggju að ganga í hjónaband áður en smitunarhættu er lokið, skal hann senda sjúklingnum tafarlaust skriflega áminningu og benda honum á, hverri hegningu slíkt varði.

Nú þykist læknir hafa fulla ástæðu til að ætla, að slík áminning verði ekki tekin til greina, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi presti eða lögreglustjóra, að sjúklingurinn hafi kynsjúkdóm, og er það lögmætur meinbugur á hjónabandi.

12. gr.

Öll börn, yngri en 16 ára, sem sýkst hafa af syfilis eða eru fædd með þann sjúkdóm, skulu standa undir lækniseftirliti og foreldrar eða forráðamenn þeirra ábyrgjast að fyrirmælum læknis sje hlýtt.

Slikum börnum má ekki koma í fóstur, nema hlutaðeigendum hafi verið skýrt frá sjúkdómi þeirra og læknir hafi gefið samþykki til þess.

Aðrar konur en móðirin mega ekki hafa þau á brjósti.

Flytji barnið úr hjeradini, skal tilkynna lækni flutninginn og hvert það fer. Skal hann þá skýra hjeraðslækni þess hjerads frá því og hvernig sjúkdómi barnsins er farið.

Sömu ákvæði gilda og börn innan þriggja mánaða, þó heilbrigð virðist, ef ekki eru liðin full 5 ár frá því að annað foreldra eða bæði hafa haft syfilis.

13. gr.

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstura börn, sem ekki hafa syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

14. gr.

Á öllum, sem vegna starfs sins samkvæmt lögum þessum komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sje skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn ber til þess vegna yfirvofandi smitunarhættu, svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

15. gr.

Lyfsólum og öðrum verslunum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávisun læknis. Heilbrigðisstjórnin ákveður hver slík lyf eru.

16. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að kensla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sje tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn. Kenslunni skal í öllum aðalatriðum hagað svo sem hún mælir fyrir.

Öll íslensk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins.

Par sem sjerstök hætta stafar af kynsjúkdómum, miklar útlendar skipakomur eru, síldarstöðvar o. þvil., skal hjeraðslækni sjerstaklega skylt að vinna árlega að því, eftir samráði við heilbrigðisstjórnina, að efla þekkingu almennings á sjúkdómum þessum, hættunni, sem af þeim stafar, og helstu vörnum gegn þeim.

17. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sinum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjóti læknir, sem ekki er embættismaður, skyldur sínar eftir lögnum, varðar það sektum, alt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 14. greinar varða sektum, alt að 200 kr.

18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sje ekki brotið þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögnum.